

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2515 frá 9. júlí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina nánar fjölda og heiti breytna fyrir notkun hagskýrslusviða um upplýsinga- og fjárskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2025 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18qzg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1484) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18qzh. **32024 R 2515**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2515 frá 9. júlí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina nánar fjölda og heiti breytna fyrir notkun hagskýrslusviða um upplýsinga- og fjárskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2025 (Stjtíð. ESB L, 2024/2515, 26.9.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2515, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L, 2024/2515, 26.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2515/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING